


**15. fundur í Samráðsnefnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, fimmtudaginn 13.mars 2008, á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps kl. 16.00**


**Mættir:** Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir formaður, Bragi Geir Gunnarsson, Úlfar Thoroddsen, Jón B.G. Jónsson, G. Ingbór Guðjónsson og Ragnar Jörundsson bæjarstjóri Vesturbyggðar sem jafnframt ritaði fundargerð.


**Dagskrá:**

1. *Styrktarsjóður Einars Bjarnasonar frá Hreppstöðum.*  
Úlfar B. Thoroddsen lagði fram skipulagsskrá styrktarsjóðs heilbrigðisstofnana í V-Barðastrandarsýslu. Borist hefur tilboð í fasteign sjóðsins að Aðalstræti 90 að upphæð kr. 1,0 millj. Samráðsnefnd hafnar tilboðinu. Úlfari falið að kanna möguleika á herra tilboði.
2. *Samráðsnefnd skipting kosnaðar við nefndina.*  
Samþykkt að hlutfallaskipting verði eins og í annari kostnaðarskiptingu í verkefnum milli sveitarfélagana.
3. *Fjárraukalög Alþingis, framlag fjárlaganefndar til „reksturs“ verkefnastjóra í Þróunarsetri.*  
Framkvæmdstjórum sveitarfélagana falið að fylgja þessu máli fast eftir.
4. *Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði, tillaga um skipan þriggja manna skólanefndar.*  
Samráðsnefndin beinir því til sveitarfélagana að tilnefndir verði tveir menn frá Vesturbyggð og einn frá Tálknafjarðarhreppi
5. *Dreifmenntarverkefnið, staðan.*  
Eyrún kynnti stöðu dreifmenntunarverkefnisins og gerði grein fyrir henni . Kom fram að verkefnið er í nokkuð góðum farvegi og miðar áfram.
6. *Bréf frá Magnúsi Hanssýni verkefnastjóra Þróunarseturs, sameiginleg atvinnu- og ferðamálanefnd, sveitarfélaganna.*  
Erindi frá Magnúsi Ólafs Hanssýni þar sem hann leggur til að skipuð verði þriggja manna sameiginleg atvinnu- og ferðamálanefnd. Með erindinu fylgir greinargerð. Erindinu hafnað.
7. *Starfshópur um gagnavinnsluverkefni á Bildudal, beiðni atvinnumálanefndar Tálknafjarðarhrepps um aðkomu að starfshópnum.*  
Málið lagt fram til kynningar.
8. *Breiðafjarðarfléttan, ályktun vísað til samráðsnefndar á 382.fundi hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps.*  
Lögð fram til kynningar.
9. *Lögreglusamþykktir, sameiginleg hjá sveitarfélögunum Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, eða öllum sveitarfélögunum á Vestfjörðum.*  
Unnið er að málinu og sefnt að lúkningu fyrir næsta fund.
10. *Önnur mál.*
  - ✓ Fundargerð landbúnaðarnefndar Vesturbyggðar lögð fram. Í lið nr. 3, er því beint til samráðsnefndar að smalað verði útigangsfé á Tálkna. Framkvæmdastjórum sveitarfélagana falið finna lausn á málinu.
  - ✓ Ragnar skýrði frá því að hann væri búinn að fá staðfest að þingmenn kjördæmisins kæmu hingað 27. mars og héldu fund með fulltrúum sveitarfélagana.




Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.50.

  
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

  
Bragi Geir Gunnarsson

  
Úlfar B. Thoroddsen

  
Jón B.G. Jónsson

  
G. Inghófr Guðjónsson

  
Ragnar Jörundsson